

## **180. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.**

**23. október 2009, kl. 15:00 á Austurvegi 56.**

Mætt: Örn Þórðarson, Ragnheiður Hergeirsdóttir og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

### **1. Undirbúningsfundur fyrir framhaldsaðalfund SOS.**

Ákveðið var að boða til undirbúningsfundar 3. nóvember í Þorlákshöfn kl 9:00-12:00. Dagskrá fundarins er undirbúningur við mótun á nýrri tillögu um framtíðarskipan úrgangsmála sunnlendinga samanber tillögu er lögð var fram á aðalfundi Sorpstöðvar Suðurlands 15. nóvember sl.

### **2. Íslenska Gámafélagið, kæra og athugasemdir.**

Lagt fram bréf frá Lex lögmannsstofu, f.h. Ísl. Gámafélagsins, dagsett 21. október er varðar samkomulag Sorpstöðvar Suðurlands bs og SORPU bs. dagsett 22. maí 2009. Fram kemur meðal annars í bréfinu að Íslenska gámafélagið krefjist þess að fallið verði frá samkomulaginu.

Framkvæmdarstjóra falið að kanna hvort fyrirbyggjandi krafa komi í veg fyrir að öruggur farvegur fyrir sorp og efni til endurvinnslu verði til staðar eftir 1. desember 2009.

### **3. Umhleðsluaðstaða á Kirkjuferjuháleigu.**

Framkvæmdastjóri kynnti nýjar útfærslur sem miða að fækkun ferða með sorp og aukinnar hagkvæmni í flutningum eftir lokun Kirkjuferjuháleigu.

Framkvæmdarstjóra falið að vinna áfram með framkomnar hugmyndir og kynna þær á undirbúningsfundi 3. nóvember nk.

### **4. Seyra**

Framkvæmdarstjóra falið að afla frekari gangna varðandi vinnslu á seyru.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15:55